

Flensborgarhöfn og Óseyrarsvæði

Samráðsnefnd um gerð rammaskipulags

11. fundur

Mánudaginn 4. mars 2019 kl. 15.00 á hafnarskrifstofunni

Mætt: Kristín Thoroddsen, Ágúst Bjarni Garðarson, Ólafur Ingi Tómasson, Gylfi Ingvarsson, Guðrún Guðmundsdóttir og Lúðvík Geirsson. Karólína Helga Símonardóttir boðaði forföll. Einnig mætti til fundarins Albert Skarphéðinsson og Ólöf Kristjánsdóttir umferðarsérfræðingar frá Mannviti.

- 1) Fulltrúar Mannvits kynntu greiningu sína á helstu þáttum varðandi umferðarflæði á skipulagssvæðinu. Sérstaklega farið yfir aðgengi að skólum, íþróttastarfi og þjónustu, þörf fyrir bílastæði, umferðarspá, umferðartalningu þungaumferðar, áhættumat, borgarlínu og skipulag gatnakerfis og gatnamóta innan skipulagssvæðis og við inn og útakstur við Strandgötu.
Næsta verkefni er að setja upp umferðarlíkan fyrir svæðið og fullvinna tillögur að útlærslum. Samráðsnefndin mun taka niðurstöður úr þessari yfirferð til frekari umfjöllunar á vinnufundi með arkitektum í næstu viku.
- 2) Farið yfir tilhögun og skipulag fyrir vinnufundi fulltrúa samráðsnefndar með arkitektum í Malmö og Gautaborg í næstu viku.
- 3) Lögð fram drög að erindisbréfi fyrir samráðsnefndina sem verður tekið til afgreiðslu í hafnarstjórn á miðvikudag.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:30
LG ritaði fundargerð